

Alþingi
Erindi nr. P 140/1908
komudagur 23.4.2012

12. apríl 2012.

Efni: Umsögn stjórnar hjúkrunar og ljósmæðraráðs Heilbrigðisstofnunar Suðurlands um tillögu til þingsályktunar um tímasetta áætlun um yfirfærslu heilsugæslunnar frá ríki til sveitarfélaga, 220. mál á 140. löggjafarþingi.

Fyrir um það bil áratug var Heilbrigðisstofnun Suðurlands stofnuð úr mörgum stórum og smáum einingum, og er nú rekstur Sjúkrahúss Suðurlands og margra heilsugæslustöðva í fjölmörgum sveitarfélögum stjórnað frá einni skrifstofueiningu.

Hjúkrunar- og ljósmæðraráð HSu sér fyrir sér flókna og óþarfa endurskipulagningu á störfum, starfsemi og rekstri þessarra stofnana ef á að færa hluta þeirra undir stjórn sveitarfélaga. Ssvo virðist að ekki standi til að gæta jafnræðis hvað varðar aðkomu sveitarfélaga að stjórn heilsugæslustöðva, og er vafamál að það komi öllum neytendum til góða.

Virðingarfyllt
fyrir hönd stjórnar hjúkrunar- og ljósmæðraráðs HSu

Sigríður Pálsdóttir
formaður